

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Garðabæ há dagforeldrum

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum. Ekki er greitt fyrir júlí. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni. Skilyrði fyrir greiðslu er:

1. Að hlutaðeigandi barn hafi náð 9 mánaða aldri og eigi lögheimili í Garðabæ.
2. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
3. Að barn sé slysatryggt.
4. Að fyrir liggi þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldra og dagvistarfulltrúa Garðabæjar.

Ef að foreldrar eiga ekki rétt á fullu fæðingarorlofi geta þeir sótt um greiðslu þegar barn nær 6 mánaða aldri.

A Mánaðarleg greiðsla skal miða við dvalartíma barns að hámarki með eftirfarandi hætti.

Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ:		Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi:
Fyrir 4 stunda vistun	kr. 39.407	kr. 63.676
Fyrir 5 stunda vistun	kr. 49.239	kr. 77.954
Fyrir 6 stunda vistun	kr. 58.799	kr. 91.240
Fyrir 7 stunda vistun	kr. 69.510	kr. 106.037
Fyrir 8 stunda vistun	kr. 78.819	kr. 119.432

Ef um hálftrar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 4.925 fyrir hverja hálfu stund.

B Niðurgreiðsla til einstæðra foreldra og foreldra sem eru í fullu námi.

Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ:		Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi:
Fyrir 4 stunda vistun	kr. 47.116	kr. 64.847
Fyrir 5 stunda vistun	kr. 58.898	kr. 79.081
Fyrir 6 stunda vistun	kr. 70.527	kr. 93.162
Fyrir 7 stunda vistun	kr. 82.460	kr. 107.546
Fyrir 8 stunda vistun	kr. 94.239	kr. 121.777

Ef um hálftrar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 5.888 fyrir hverja hálfu stund.

Leggja skal fram fjölskylduvottorð í tilviki einstæðra foreldra og námsvottorð skóla í tilviki námsmanna.

Greiðslufjárhæð til einstæðra foreldra og námsmanna er háð tímabundnu ákvæði í Gjaldskrá leikskóla um hækkun á afslætti einstæðra foreldra og námsmanna úr 30% í 40% og gildir til ársloka 2020.

Foreldrar, sem hafa tvö eða fleiri börn í leikskólavist, fá 50% afslátt af grunngjaldi fyrir hvert barn umfram eitt. Það á þó ekki við um foreldra sem njóta sérstakrar niðurgreiðslu samkvæmt B – lið.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2020 og falla þá jafnframt úr gildi eldri reglur samþykktar í bæjarstjórn 18. desember 2018.

*Samþykkt í bæjarráði Garðabæjar
19. desember 2019*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*